

**Staðsetning holu við Eldborg í landi
Vatnsleysu**

**Ólafur G. Flóvenz, Kristján Sæmundsson,
Lúðvík S. Georgsson**

Greinargerð ÓGF-KS-LSG-88-02A

Staðsetning holu við Eldborg í landi Vatnsleysu

Að ósk Lindalax h.f. hefur verið staðsett borhola í háhitasvæðið í Trölladyngju. Tilgangur holunnar er að afla heits vatns og gufu fyrir fiskeldisstöð Lindalax á Vatnsleysuströnd.

Forsendur staðsetningar holunnar er að finna í skýrslu Orkustofnunar og Vatnaskila h.f. frá í maí 1986 (OS-86032/JHD-10 B, bls. 39-69). Á bls. 69 í þeirri skýrslu eru bent á tvö álitleg svæði í landi Vatnsleysu sem álitlegastir eru til borunar háhitaholu; við Eldborg og vestan undan Sogum.

Lindalax h.f. hefur ákveðið að bora á Eldborgarsvæðinu enda það nær væntanlegri fiskeldisstöð og áður verið borað í það svæði.

Holan var staðsett þann 8.1.1988. Rekin var niður mælistika á borstaðnum og Sæmundi Þórðarsyni kynnt staðsetningin. Þessi nýja hola, sem lagt er til að fái auðkennið VE-2 (Vatnsleysa-Eldborg, hola 2), er nokkuð norðar og austar en gamla holan. Ástæðan er sú, að viðnámsmælingar sýna lægst eðlisviðnám um 150m vestur af gömlu holunni, þar sem gosrásin sem myndaði Eldborgina liggur. Allmiklar gufur fylgja gossprungunni á þessum slóðum og norður í gegnum Eldborg að Lambafelli.

Líklegt er talin að gossprungan sé nálægt lóðréttu en misgengin sem falla nánast saman við gossprunguna sýna

austlægan halla. Því var talið viturlegra að bora fremur rétt austan við sprunguna upp á að ná að skera misgengin líka en þar gæti verið vatnsæða að vænta.

Á meðfylgjandi mynd er staðsetningin sýnd.

Við borunina er þess vænst að fá allt að 260°C hita ofan 600m dýpis. Þar fyrir neðan gæti kólnað. Ekkert er unnt að fullyrða neitt um líkleg afköst holunnar enda náðist aldrei að fá afkastamat á gömlu holunni. Þá er rétt að benda á að Eldborgarsvæðið er við norðurjaðar jarðhitasvæðisins og viðnámsmælingar benda til að fremur skammt sé í kald berg umhverfis heita gosrásina.

Ólafur G. Flóvenz

Kristján Sæmundsson

Lúðvík Georgsson

Afstöðumynd af staðsetningu holu VE-2

